

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi
Reykjavík
uar@uar.is

París, 5. janúar 2022.

Vegna: stjórnarsýslukæru Náttúrugriða 31.12.2022 - viðbót

Vísað er til stjórnarsýslukæru umbj. míns Náttúrugrið, kt. 490721-0960, Bergþórugötu 17, Reykjavík, frá 31. desember 2021 og eftirfarandi komið á framfæri, til viðbótar því sem segir í kæru.

Í atvikalýsingu stjórnarsýslukæru segir að Umhverfisstofnun hafi í samþykkisbréfi sínu, sbr. fylgiskjal VI með kærinni, gert áskilnað um að á skýringarupprætti nr. 6 kæmi fram tímabundin lokun tiltekins vegslóða, sem sé utan Þjórsárvera. Hér var í kæru farið rangt með staðsetningu vegslóða sem Umhverfisstofnun fjallaði um. Hið rétta er, líkt og fram kemur í fylgiskjali VI með kæru, að Umhverfisstofnun vísaði í samþykki sínu til banns við akstri á slóðum í friðlandinu Þjórsárverum vegna heiðargæsavarps á tilteknu tímabili árs, þ.e.:

Í 12. gr. friðlýsingarinnar segir að umferð um og í nálægð við varplönd heiðargæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní sbr. viðauka II, kort að svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðargæsavarps. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018, um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd, skal tilgreina sérstaklega tímabil sem heimilt er að nota veg sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun. Það er mat stofnunarinnar að þetta þurfti að koma fram í skýringarupprætti.

Í samræmi við framangreint, telur kærandi ljóst að sá formannmarki sé ekki aðeins á málsmeðferð að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi ekki tekið með beinum hætti ákvörðun um vegaskrá, með samþykkt líkt og 32. gr. laga nr. 60/2013 mælir fyrir um, heldur sé hér einnig á ferðinni sjálfstæður annmarki að því er varðar að (a) Skeiða- og Gnúpverjahreppur fjallaði ekki um þessi tilmæli, sem kærandi telur bindandi þar sem um friðlýst svæði er að ræða og samþykki Umhverfisstofnunar því skilyrði fyrir að vegaskrá geti öðlast gildi; og (b) ekki var farið að fyrirmælum tilgreinds ákvæðis 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um að í vegaskrá skuli tilgreina tímabundna og/eða takmarkaða notkun vegar. Um er að ræða svæði, skv. korti í viðauka II með friðlýsingarauglýsingu, þar sem er að finna langstærsta hluta slóðakerfis meintrar vegaskrár Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Vegaskrá, að því leyti sem hún telst yfir höfuð liggja fyrir í tilviki Skeiða- og Gnúpverjahrepps lögum samkvæmt, gengur skv. efni sínu gegn friðlýsingarskilmálum til verndar einu mikilvægasta varpsvæði heiðargæsarinnar í veröldinni. Það er alvarlegur efnisannmarki á ákvörðunum sem varða hina kærðu vegaskrá. Er þetta áréttað, til viðbótar ógildingarástæðum reifuðum í stjórnarsýslukæru dags. 31. desember 2021.

Virðingarfyllst,
f.h. kæranda

Sif Konráðsdóttir, lögmaður
sif.konradsdottir@gmail.com